

Skýrsla Skógræktarfélags Selfoss um framkvæmdir í Hellisskógi á árinu 1993

Árið 1993 markar ákveðin tímamót í starfinu í Hellisskógi.

Fram að þessu hefur vinna við plöntun, stígagerð, áburðardreifingu ofl. verið unnin af sjálfboðaliðum. Nú í sumar unnu félagsmenn aðeins tvö kvöld við plöntun en mestöll önnur vinna var unnin af 8 manna vinnuflokki undir stjórn Sölva Hllmarssonar. Þessi vinnuflokkur var launaður af atvinnuleysistryggingasjóði og starfaði í Hellisskógi við plöntun frá 1. til 25. júní og við stígagerð ofl. 9. til 30. ágúst.

Skógræktarfélagið var líka í fyrsta skipti í sögu félagsins með mann á launum í hálfu starfi í 3 mánuði (júní-ágúst). Það þessu sinni var starfsmaður félagsins Örn Óskarsson fráfarandi formaður félagsins. Starfsmaðurinn sinnti framvæmdastjórn í Hellisskógi ásamt skipulagsvinnu, plöntuöflun og annari efnisöflun fyrir vinnuflokkinn. Reynslan af þessu fyrirkomulagi var góð í sumar.

Helstu framkvæmdir.

1) Plöntun.

Félagsmenn plöntuðu tvö kvöld í Hellisskógi. Þann 1. júní var plantað 3400 birki- og sitkagreniplöntum upp með læknum í Hellisgili. Aftur var plantað 3. júní. Þá var plantað 1600 plöntum af 19 tegundum í trjásafnsreit og þar um kring. 20-30 karlar, konur og börn mættu hvort kvöld.

Vinnuflokkurinn plantaði 1. - 25. júní um 41000 plöntum. Lang mest var plantað af birki (ca. 34800) en einnig sitkagreni (5000), alaskavíði (1000) og ýmsar fleiri tegundir (sjá plöntulista). Alls var plantað 45250 plöntum í Hellisskóg í sumar. Plöntun tókst vel en nokkuð sá á nokkrum sitkagrenikvæmum eftir frostnætur í byrjun ágúst.



Vinnuflokkurinn 1993

Plöntulisti.

| Tegundir / kvæmi | Fjöldi | Plöntunarstaður |
|-------------------------------|--------|------------------------------|
| Birki (fp) | 36800 | N, V og S Grímskletta |
| Birki (pottapl) | 115 | Trjásafn og við Grímskletta |
| Sitkagreni (fp) Homer | 3000 | Hellisgil |
| Sitkagreni (fp) Cordova | 1000 | Sunnan Grímskletta (r 26) |
| Sitkagreni (fp) Sitka | 1000 | SV-Grímskletta (r 32) |
| Sitkagreni (fp) óþ. kv | 150 | Sunnan Grímskletta |
| Sitkagreni (pottapl) Tumast | 50 | Trjásafn |
| Sitkagreni (pottapl) óþ.kv | 15 | Reitur Kristínar J. |
| Stafafura (fp) Skagway | 1000 | Trjásafn og Hellisgil |
| Bergfura (fp) | 400 | S-Grímskletta / trjásafn |
| Bergfura (portal) | 40 | Trjásafn /reitur Kristínar J |
| Dvergfura (fp) | 40 | Trjásafn |
| Runnafura (fp) | 25 | Trjásafn |
| Fjallafura (pottapl) | 6 | Trjásafn |
| Blágreni (pottapl) | 4 | Minningarr. Kristínar G. |
| Rauðgreni (fp) | 60 | Trjásafn |
| Hvítgreni (pottapl) | 90 | Trjásafn / reitur Kr.J. |
| Fjallapínur (fp) | 40 | Austan við Trjásafn (r 9) |
| Sifjalerki (pottapl) | 5 | Trjásafn |
| Sitkaelri (pottapl) | 10 | Trjásafn |
| Kjarrelri (fp) Múlakot | 40 | Trjásafn |
| Gráelri (fp) Þorsteinsl | 160 | Trjásafn/ r 45 |
| Blæösp (pottapl) | 5 | Trjásafn |
| Reiniviður (pottapl) | 5 | Trjásafn |
| Garðahlynur (pottapl) | 5 | Trjásafn |
| Alaskaviðir (brúnn) | 50 | Trjásafn |
| Alaskaviðir S-2A, 2B, 3 og 3A | 200 | Gömlu ruslah, (r 10, r 11) |
| Alasakaviðir (Sólheimar) | 700 | Gömlu ruslah, (r 10, r 11) |

| Tegundir / kvæmi | Fjöldi | Plöntunarstaður |
|------------------|--------|----------------------------|
| Jörvavíðir | 100 | Gömlu ruslah, (r 10, r 11) |

Að auki plöntuðu einstaklingar og félagssamtök plöntum í sína reiti og víðar. Einnig var plantað til viðbótar við framlag í minningarreit um Kristínu Guðmundsdóttur. Magn og tegundir plantna er óljóst í þessum tilfellum.



Sitkagreni (Homer) plantað í Hellisgili 1993

2) Áburðardreifing.

Í júnó var borinn tilbúinn áburður að trjám í skjólbeltum og að unglöntum frá síðustu tveimur árum. Einnig var borið á nýplantað birki í reitum austan við Grímskletta (r 46-48).

Alls var dreift 600 kg af áburði. Notað var blákorn. Vinnuflokkurinn vann verkið.

3) Klipping.

Klipptir voru burtu kalkvistir úr skjólbeltum og beltin sem brunnu 1992 voru að mestu klippt niður. Vinnuflokkurinn vann verkið.

4) Stígagerð.

Í ágúst (9. - 30.) vann vinnuflokkurinn einkum við stígagerð. Bæði var borið í gamla stíga, þar sem notaður var mulningur ofan á rauðamölinu sem fyrir var, en einnig lagðir nýir stígar. Í trjásafnsreit voru gerðir nokkrir rauðamalarstígar (um 170 m) og við Grímskletta voru gerðir um 300 m langir stígar. Þar var einnig notuð hörpuð rauðamöl. Rauðamölin er afbragðs efni til að byggja upp stíga en erfitt er að ganga á henni því hún þjappast illa. Því verður síðar að bera mulning ofan á rauðamölinu. Loks var gerður um 100 m langur göngustígur upp með Ölfusá frá planinu á efsta veiðisvæðinu og gamli stígurinn frá Tjarnarhólum framlengdur á veginn ofan við tjörnina (um 200 m). Þar var notaður brunni.

Alls fóru í þessa stíga 5 hlöss af hörpuðum bruna frá Jóni á Svínavatni og 7 mulningshlöss ofan úr Ingólfsfjalli.

5) Grindverk.

Reist voru einföld grindverk á þremur stöðum. Þetta var gert til að hindra óæskilega umferð ökutækja utan vega en talsverð brögð hafa verið á slíku, einkum á veturna þegar snjór er yfir öllu. Þetta voru grindverk á bílastæðum í trjásafnsreit, ofan við Hellisbrú og ofan við efsta veiðisvæðið.

6) Plæging / tæting.

Þann 21. júní voru tættar rákir á gömlu ruslahaugunum (r 10 og 11) og í október voru plægðar rásir með 2 m millibili í gamla túnið hans Kristjáns. Gísli í Byggðarhorni sá um verkið. Einnig stóð til að tæta upp gömlu eldvarnarbeltin og búa til nokkur ný, en sökum bleytu í haust tókst það ekki.

7) Ræsi í plógstrengi.

Keypt voru 30 fjöggra metra löng plaströr hjá Set og þeim komið fyrir í plógstrengjum upp með læknum í Hellisgili (r 52-54). Síðan var stungið torf ofan á rörin og þannig opnuð fær leið þvert á plógstrengina. Til stóð að tæta eldvarnarbelti á þessum stað og minnka þannig hættuna á sinueldum frá Laugabakkalandi, en eins og fyrr segir var það ekki mögulegt sökum bleytu. Vinnuflokkurinn sá um ræsagerðina.

8) Frágangur á braggastæði.

Vinnuflokkurinn jafnaði í ágúst gamla braggastæðið á fyrrum landareign Kristjáns. Búið var að aka mold yfir mestallt draslið og grófjafna með ýtu, en nú var fínjafnað og sáð grasfræi í flötina. Notuð voru 2 kg af grasfræi og 25 kg af áburði.

9) Ofaníburður í aðalveg.

Egill Guðjónsson bar bruna í aðalveginn upp að veiðistað í júní. Þessar framkvæmdir voru á vegum tæknideildar Bæjarins og komu sér vel fyrir vegfarendur eftir að búið var að jafna.

10) Minningarreitir og aðrir reitir.

Aðstandendur Kristínar Guðmundsdóttur plöntuðu í reit við Grímskletta til minningar um Kristínu. Bæði var plantað plöntum sem félagið keypti fyrir gjafafé (kr. 12500-) og plöntur sem aðstandendur útveguðu. Suðvestanundir Grímsklettum var plantað 15 sitkagreniplöntum, 14 birkiplöntum, 4 öspum, nokkrum bergfurum, hvítgreni og sveigfuruplöntum í lund. Þessar plöntur voru keyptar fyrir gjafafé (kr. 10000-) frá Kristínu Jónsdóttur.

Þann 14. júní plöntuðu "Inner Wheel" konur í reitinn sinn ýmiskonar gróðri, bæði trjám, runnum og fjölærum blómplöntum. Árni Magnússon byrjaði að plöntun í sinn reit ofan við Grímskletta og að auki komu ýmsir, flestir óþekktir með tré og runna úr eigin gördum og plöntuðu þeim á velvalda staði í Hellisskógi. Allt er gott sem grær.

Gert í desember 1993

Örn Óskarsson

